



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði 11. október 2019.

Íþrótta- og tólmstundafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar Geir Bjarnason

Efni: Beiðni um hækkun á framlögum í Afrekssjóð ÍBH 2020

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar eftir hækkun á framlögum í Afrekssjóð ÍBH (áður Afreksmannasjóð ÍBH) milli árana 2019 og 2020. Framlag Hafnarfjarðarbæjar í sjóðinn 2019 var kr. 11.000.000. Miklar breytingar hafa verið undanfarið ár á fjölda verkefna og fjölda landsliðsmanna / afreksmanna, einnig hafa ný íþróttafélög verið stofnuð á síðasta ári og þessu ári sem leiðir til ennþá fleiri landsliðsmanna / afreksmanna sem hefur leitt til fleiri styrkhæfra umsókna og hærri útgjalda fyrir sjóðinn. Því til viðbótar er mikið breytt ár 2020 framundan. Það er vitað að fleiri lið verða í Evrópukeppni félagsliða og getur sú útgjaldaaukning ein og sér þýtt 2-3 milljón króna útgjaldaaukningu fyrir sjóðinn. Árið 2020 er Ólympíuár og fara leikarnir fram í Tokyo í Japan og er búist við miklum kostnaði á hvern keppenda vegna þeirra og undirbúnings fyrir þá. Einn keppandi úr aðildarfélögum ÍBH hefur náð lágmörkum á leikana nú þegar. Stjórn Afrekssjóðs ÍBH stefnir auk þess að enn meiri hagræðingu á reglugerð sjóðsins. Afrekssjóður ÍBH hefur verið rós í hnappagatið fyrir aðildarfélögin og laðað margt af besta íþróttafólki landsins til félaganna sem hefur leitt til góðs árangurs þeirra og er það vilji ÍBH að svo verði áfram en án góðrar samvinnu við Hafnarfjarðarbæ er það ekki mögulegt. Stjórn ÍBH óskar eftir hækkun á framlagi Hafnarfjarðarbæjar í sjóðinn fyrir árið 2020 í a.m.k. kr. 13.000.000.

F.h. stjórnar ÍBH,

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH